

BORGARSTJÓRN 5.12.'17: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagningu battavalla - R17120076

Borgarstjórn samþykkir að haldið verði áfram lagningu sparkvalla með gervigrasi við borgarrekna grunnskóla í borginni. Miðað skal við að vellirnir verði upphitaðir, upplýstir og umhverfis þá verði boltagerði. Stefnt skal að því að slíkir vellir verði komnir á allar skólalóðir borgarrekinnna grunnskóla eigi síðar en árið 2020. Einnig verði hugað að lagningu slíkra valla við sjálfstætt rekna grunnskóla. Lagt er til að á árinu 2018 verði 90 milljónum króna varið í þessu skyni sem færast á kostnaðarstað 1104.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Málsnr: 217120076
Skjalasafn Ráðhúss

19. feb. 2018

Bréfalýkill: 352

Reykjavík, 15. febrúar 2018
SFS2017120104
2.6.2
HG/et

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Umsögn skóla- og frístundaráðs um tillögu Sjálfstæðisflokksins um lagningu battavalla

Á 133. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 14. febrúar 2018 var lagt fram bréf borgarráðs, dags. 6. desember 2017, um tillögu Sjálfstæðisflokksins um lagningu battavalla auk umsagnar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. janúar 2018, um tillöguna.

Umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var samþykkt.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. janúar 2018



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 3. janúar 2018
SFS2017120104
131. fundur
HG/geb/db

UMSÖGN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagningu battavalla

Skrifstofu skóla- og frístundasviðs barst erindi frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 6. desember sl. þar sem óskað var eftir umsögn skóla- og frístundaráðs um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagningu sparkvalla með gervigrasi við borgarrekna grunnskóla í borginni. Í tillögunni kemur fram að miðað skuli við að allir vellirnir verði upphitaðir, upplýstir og umhverfis þá verði boltagerði og að stefnt skuli að því að slíkir vellir verði komnir á allar skólalóðir borgarrekinnna grunnskóla eigi síðar en árið 2020 ásamt því að hugað verði að lagningu slíkra valla við sjálfstætt rekna grunnskóla. Lagt er til að á árinu 2018 verði 90 millj. kr. varið til verkefnisins.

Umsögn:

Batta- og sparkvellir með gervigrasi hafa fyrir löngu sannað gildi sitt, bæði til íþróttaiðkunar í frímínútum nemenda en einnig í íþróttakennslu, útikennslu og starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Góður sparkvöllur á skjólgóðri skólalóð eykur þannig möguleika í skóla- og frístundastarfi.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur unnið að lagningu battavalla og sparkvalla við grunnskóla borgarinnar í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Lagðir hafa verið battavellir eða sparkvellir á þær lóðir sem hafa verið endurnýjaðar samskvæmt áætlun þar um. Farið hefur verið í sérstakt átak til að endurnýja gervigras þar sem það er orðið slitið. Dregið hefur verið úr lagningu battavalla þar sem þeir hafa verið dýrir í uppsetningu og rekstri en frekar lagðir sparkvellir með gervigrasi sem eru einfaldari að gerð og nýtast fyrir fjölbreyttari íþróttaiðkun. Í stað þess að hafa boltagerði í kringum vellina sem m.a. hefur það í för með sér að erfiðara er að fylgjast með því sem fram fer á völlum hafa verið settar upp einfaldari girðingar í kringum vellina til að auðveldara sé að fylgjast með því sem fram fer á battavellinum.

Á skólalóðum er að jafnaði ekki hægt að nota affall af heitu vatni til upphitunar skólahússins til að hita upp batta- og sparkvelli þar sem það er notað til að hita upp helstu gönguleiðir á skólalóðinni og því verður að hita upp battavellina með umfram heitu vatni sem kallar á aukinn kostnað fyrir viðkomandi skóla. Því hefur í einhverjum tilvikum verið dregið úr því að vera með upphitaða velli til að draga úr þeim kostnaði. Ef viðhafa á snjóbræðslu allt árið þarf að koma til aukið fjármagn í fjárhagsramma grunnskólanna í einhverjum tilvikum.

Í þeim tilvikum sem ekki hafa verið lagðir battavellir eða sparkvellir á skólalóðir eru ástæðurnar annað hvort þær að viðkomandi skólalóð hefur ekki verið endurnýjuð samskvæmt áætlun þar um eða að aðstæður hamla því að hægt sé að leggja slíkan völlum, t.d. vegna þess að skólalóðin er of lítil eða vegna nálægðar við næstu lóðamörk við nærliggjandi heimili.

Skóla- og frístundasvið hefur ekki forsendur til að meta þá fjárhæð sem tilgreind er í tillögnum og hversu langt hún nær og vísar þætti vegna áætlaðs framlags vegna lagningar batta- og/eða sparkvalla árið 2018 til umhverfis- og skipulagssviðs.

Reykjavíkurborg kemur hvorki að hönnun, byggingu, rekstri né viðhaldi á skólalóðum sjálfstætt rekinna grunnskóla.

Skóla- og frístundaráð styður tillöguna efnislega en leggur til að Reykjavíkurborg taki upp viðræður við KSÍ um að taka þátt í að klára uppbyggingu battavalla við grunnskóla Reykjavíkurborgar.




Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 05.03.2018



Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 31. janúar 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 14. desember 2017 þar sem óskað er eftir umsögn skóla- og frístundaráðs og umhverfis- og skipulagsráðs á eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi borgarstjórnar 5. desember 2017: "Borgarstjórn samþykkir að haldið verði áfram lagningu sparkvalla með gervigrasi við borgarrekna grunnskóla í borginni. Miðað skal við að vellirnir verði upphitaðir, upplýstir og umhverfis þá verði boltagerði. Stefnt skal að því að slíkir vellir verði komnir á allar skólalóðir borgarrekinnna grunnskóla eigi síðar en árið 2020. Einnig verði hugað að lagningu slíkra valla við sjálfstætt rekna grunnskóla. Lagt er til að á árinu 2018 verði 90 milljónum króna varið í þessu skyni sem færist á kostnaðarstað 1104." Einnig er lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 24. janúar 2018.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Harri Ormarsson

Fylgiskjal: svar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 24. janúar 2018.



24. janúar 2018
USK2017120022

Umhverfis- og skipulagsráð

Málefni: **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, lagning battavalla.**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 10. janúar 2018 var neðangreindu erindi vísað til umsagnar hjá skrifstofu framkvæmda og viðhalds:

26. **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins,
lagning battavalla**

Mál nr. US170386

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 14. desember 2017 þar sem óskað er eftir umsögn skóla- og frístundaráðs og umhverfis- og skipulagsráðs á eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi borgarstjórnar 5. desember 2017: "Borgarstjórn samþykkir að haldið verði áfram lagningu sparkvalla með gervigrasi við borgarrekna grunnskóla í borginni. Miðað skal við að vellirnir verði upphitaðir, upplýstir og umhverfis þá verði boltagerði. Stefnt skal að því að slíkir vellir verði komnir á allar skólalóðir borgarrekinnna grunnskóla eigi síðar en árið 2020. Einnig verði hugað að lagningu slíkra valla við sjálfstætt rekna grunnskóla. Lagt er til að á árinu 2018 verði 90 milljónum króna varið í þessu skyni sem færist á kostnaðarstað 1104."

Umsögn:

Boltagerði (battavellir) eru nú á lóðum 31 grunnskóla í Reykjavík. Skv. fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir 50 mkr. til boltagerða. Gert er ráð fyrir að koma upp boltagerði á lóð Grandaskóla og að hefja undirbúning vegna boltagerðis á lóð Húsaskóla. Vegna þrengsla innan lóða er ekki talið unnt að koma fyrir hefðbundnum boltagerðum á lóðum Hvassaleitisskóla, Laugalækjarskóla og Vogaskóla. Í samráði við skóla- og frístundasvið eru því í skoðun aðrir möguleikar á að koma fyrir boltavöllum með gervigrasi við þessa skóla. Ekki er unnt að koma þeim hugmyndum til framkvæmda á árinu 2018 en þær verða teknar upp í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019. Komið verður fyrir boltagerði á lóð Vesturbæjarskóla þegar flutt hafa verið núverandi hús við áður Hringbraut 116-118 og lóð skólans stækkuð sem því nemur.

Reykjavíkurborg kemur ekki að byggingu né rekstri á skólalóðum í eigu sjálfstætt starfandi skóla.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
skrifstofu framkvæmda og viðhalds